



## Heimsóknin mín á Árbæjarsafn

Ég ætla að heimsækja Árbæjarsafn. Þar eru gömul hús sem hafa flest verið flutt á safnið úr miðbæ Reykjavíkur. Húsin eru af öllum stærðum og gerðum og það má fara inn í flest þeirra. Inni í húsunum er oft búið að stilla upp húsgögnum eins og í gamla daga eða gera sýningar um sérstök viðfangsefni.



## Inngangur

Árbæjarsafn stendur við Kistuhyl, 110 Reykjavík. Inngangurinn liggur í gegnum ljósmálað hús með merkingunni „Árbæjarsafn“. Á horni hússins er hurð sem opnast sjálfkrafa. Þegar ég kem að hurðinni bíð ég eftir að hún opnast. Síðan geng ég inn í miðasöluna.

## Miðasala

Inni í miðasölnunni er safnbúð. Í safnbúðinni er mikið af áhugaverðum vörum sem getur verið gaman að skoða. Ég þarf ekki að skoða safnbúðina frekar en ég vil.



Innst í safnbúðinni er afgreiðsluborð og þar er starfsmaður. Starfsfólk safnsins er í fötum eins og fólk var í í gamla daga. Við afgreiðsluborðið kaupi ég miða í safnið. Ef ég er yngri en 18 ára, með árskort, öryrkjakort eða Menningarkort Reykjavíkur þarf ég ekki að borga til að komast inn. Ég þarf samt alltaf að tala við starfsmanninn í miðasölnunni til að láta vita að ég ætli að heimsækja safnið.

## Safnsvæðið

Þegar ég geng út úr miðasölnunni sé ég opið grassvæði eða torg með gangstíg í kring. Þar standa nokkur hús og þaðan liggja gangstígar innar á safnsvæðið. Ég get gengið um útisvæðið og skoðað það sem ég vil.



Húsin á Árbæjarsafni hafa öll verið flutt á safnsvæðið, nema eitt hús sem heitir Árbær. Það er gamall bær sem á svæðinu áður en það varð safn. Fyrir framan hvert hús er skilti með nafni hússins. Ég get gengið á milli húsanna og prófað að fara inn til að skoða mig um. Á meðan ég er inni hef ég í huga að það má ekki snerta gömlu hlutina sem eru til sýnis.

Stundum finnst mér það sem ég sé áhugavert og stundum ekki. Það er allt í lagi að mér finnst ekki allt áhugavert. Það er líka allt í lagi að ég skoði ekki allt safnsvæðið í einni heimsókn. Ég get þá kannski komið aftur seinna og skoðað meira.



Ég get valið að fara inn í hús sem heitir **Landakot**. Þar er sýning á gömlum leikföngum sem má leika sér með. Ef margir gestir eru inni í húsinu geta verið læti og áreiti þar inni. Í Landakoti er líka salerni og nestisaðstaða.

Ég get líka valið að fara inn í hús sem heitir **Lækjargata**. Á 1. hæð eru tvö rými sem eru oftast opin. Þar er salerni fyrir gesti þegar rýmin eru opin. Þessi rými eru góðir staðir til að setjast ef ég vil fá ró og næði. Á efri hæð hússins er sýning sem heitir Neyzlan með mörgum hlutum til að skoða. Rými sýningarinnar eru dökkmáluð og þar er mild lýsing. Á sýningunni eru litlir skjáir með tónlist til að auka upplifunina.

Á safninu búa hænur sem ganga lausar allan ársins hring. Þær eru oftast rétt hjá hæsnakofa sem er nálægt Dillonshúsi. Í Dillonshúsi er kaffihús á sumrin. Ef ég sé hænur á vappi passa ég að hræða þær ekki. Á sumrin get ég stundum séð önnur dýr á safnsvæðinu, eins og til dæmis kindur og hesta. Ég get spurt starfsfólk safnsins um hvaða dýr eru á safnsvæðinu.

## Heimferð

Þegar mér finnst ég hafa skoðað nóg er tími til að halda heim. Ég fer út úr safninu sömu leið og ég kom.